

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Velkomin í leikskólann

Upplýsingabæklingur um starfsemi leikskóla Árborgar ásamt greinagerð

Bryndís Ósk Sævarsdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Velkomin í leikskólann

Upplýsingabæklingur um starfsemi leikskóla Árborgar ásamt greinagerð

Bryndís Ósk Sævarsdóttir
230579-3859

Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Ágrip

Þetta verkefni er lokaverkefni til B.Ed. prófs frá Kennaraháskóla Íslands vorið 2008 og samanstendur af upplýsingabækling um starfsemi leikskóla Árborgar og greinargerð. Bæklingur þessi er ætlaður foreldrum sem sækja um leikskóladvöl fyrir barnið sitt í sveitarfélaginu Árborg. Bæklingurinn er einnig ákveðið byrjunarskref í stefnumótun um móttöku og þjónustu við foreldra af erlendum uppruna. Með bæklingi þessum er verið að styrkja þær fjölskyldur af erlendum uppruna sem flytjast til Árborgar til að standa til jafns við aðrar fjölskyldur í sveitarfélaginu.

Við gerð bæklingins voru Aðalnámskrá leikskóla og leikskólastefna Árborgar hafðar til hliðsjónar. Einnig var stuðst við kenningar og rannsóknaniðurstöður um fjölmenningarlegt samfélag, þ.e. börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og foreldrasamvinnu.

Meginmarkmiðið með gerð þessa bæklingss er að safna saman á einn stað grunnupplýsingum um leikskóla sveitarfélagsins. Þannig ætti að vera tryggt að allir foreldrar/forráðamenn fái sömu grunnupplýsingarnar þegar sækja á um leikskóladvöl fyrir barnið.

Formáli

Setningar eða slagorð sem ég hef meðal annars haft að leiðarljósi í gegnum lífið eru *enginn einn er öðruvísi við erum öll öðruvísi og láttu það byrja hjá mér*. Þetta eru slagorð sem ég tel mikilvægt að ég hafi áfram bak við eyrað nú þegar leikskólakennaranámi mínu fer senn að ljúka.

Það er stóðareynd að við búum í ört stækkandi fjölmennningarlegu samfélagi hér á Íslandi og ég tel það mjög mikilvægt að okkur þegnum landsins sé ekki mismunað á nokkurn hátt. Ég hef alltaf haft sterka jafnréttishugsun og borið virðingu fyrir fjölbreytileikanum og það hefur aukist enn meira eftir að ég hóf nám í leikskólakennarafræði við Kennaraháskóla Íslands.

Val mitt á lokaverkefni má rekja til sérstaks áhuga míns á fjölmenningu og jafnrétti en einnig til þess að hafa fengið tækifæri í námi mínu í Kennaraháskólanum að sitja námskeið eins og Börn, trúarbrög og siðfræði, Menning og samfélag og Fjölmennningarlegur skóli. Fleira hefur þó komið til eins og kynni mín af foreldrasamvinnu, en sem deildarstjóri hef ég unnið náið með foreldrum, bæði af íslenskum og erlendum upprunaog veit að þörfin fyrir bækling sem þennan er til staðar.

Að lokum vil ég þakka leiðsögukenndu mínum Kolbrúnu Vigfúsdóttur þróunarfulltrúa hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar fyrir frábært samstarf, góðar ábendingar og leiðsögn. Það eru forréttindi að fá að vinna með jafnmiklum frumkvöðli og Kolbrún er. Ég þakka Eiríki Sigurðssyni grafískum hönnuði kærlega fyrir hjálpina við vinnu, hönnun og uppsetningu þessa bækling. Erlu Sævarsdóttur þakka ég fyrir ómælda þolinmæði og leiðsögn í gegnum allt námið. Að endingu langar mig til að þakka eiginmanni mínum Sigurði Ágústi Péturssyni og syni okkar Pétri Má fyrir endalausa þolinmæði og stuðning síðustu fjögur ár.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Formáli	4
Inngangur	6
Fræðileg umfjöllun.....	8
Aðalnámskrá leikskóla	8
Leikskólastefna Árborgar.....	9
Fjölmennningarlegt samfélag.....	9
Íslenska sem annað mál.....	10
Foreldrasamvinna.....	11
Kynning á bæklingnum.....	13
Almennar upplýsingar.....	15
Umsókn, dvalartími og samningur.....	15
Leikskólagjald.....	15
Matur.....	15
Frídagar og skipulags- og námskeiðsdagar.....	16
Starfsfólk leikskóla.....	16
Fyrstu skrefin.....	16
Leikskóli fyrir alla.....	17
Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.....	17
Foreldrasamstarf.....	17
Fjölskyldumiðstöð Árborgar.....	17
Lokaorð.....	18
Heimildaskrá.....	19

Inngangur

Staða innflytjenda og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi hefur orðið æ fyrirferðarmeiri í þjóðfélagsumræðunni með auknum fólksflutningum til landsins og í dag er það staðreynd að á Íslandi ríkir fjölmennningarlegt samfélag. Skilgreiningin á fjölmennningarlegu samfélagi er mismunandi en hér verður stuðst við skilgreiningu Evrópuráðsins þar sem segir að „fjölmennningarlegt samfélag sé samfélag þar sem fólk með ólíka menningu, þjóðerni, þjóðernislegan uppruna og trú býr á sama landssvæði, hefur opin samskipti sín á milli og ber virðingu fyrir ólíkum lífsháttum” (All different – All equal 1995:27).

Undanfarin ár hefur íbúum sveitarfélagsins Árborgar fjölgað nokkuð stöðugt. Um er að ræða afar fjölbreyttan hóp sem bæði telur fullorðna og börn, innlenda og erlenda. Samfélagið í Árborg hefur breyst frá því að vera einsleitt menningarsamfélag í fjölmenningsamfélag á fáum árum. Til að mæta þörfum íbúanna hefur leikskólum í sveitarfélaginu fjölgað mjög á síðustu árum, og eru þeir nú orðnir sjö talsins og sá áttundi í byggingu. Í leikskólunum er að finna fjölbreyttan hóp barna sem lifa og læra í fjölmennningarlegu samfélagi leikskólans. Leikskólar sveitarfélagsins eru þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt öllum börnum óháð andlegu og líkamlegu atgervi og er hverjum leikskóla ætlað að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns í kennsluáferðum og skipulagi. Á þeim leikskólum sem starfræktir eru í sveitarfélaginu í dag eru 43 börn sem hafa annað móðurmál en íslensku, stærstur hluti þessara barna kemur frá Póllandi. Af þessum ástæðum vaknaði sú hugmynd að útbúa upplýsingabækling um starfsemi leikskóla Árborgar og er ætlunin að frumrit bæklingins sé á íslensku sem síðan er hægt að þýða á fleiri tungumál. Mikilvægt er að við þýðingu sé haft í huga að textinn sé alltaf á íslensku og viðkomandi tungumáli. Enginn samskonar bæklingur er til hjá sveitarfélaginu og þær upplýsingar sem hægt er að nálgast um leikskólana er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins (www.arborg.is) en aðeins á íslensku.

Verkefnið sem hér er lagt fram sem lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaraháskóla Íslands vorið 2008 er bæklingur um starfsemi leikskóla Árborgar, ásamt greinargerð. Höfundur vonar að þessi bæklingur verði til þess að bæta móttöku og þjónustu við alla íbúa sveitarfélagsins.

Hér á eftir má lesa um þær kenningar og þá hugmyndafræði sem stuðst var við er bæklingurinn var hannaður og einnig eru efnisflokkar bæklingisins kynntir. Það er trú höfundar að bæklingur þessi sé þarfur og verði til góðs fyrir alla þá sem nýta sér eða koma til með að nýta sér þjónustu leikskóla Árborgar. Samstarf heimilis og skóla hefst áður en barn byrjar í leikskóla og eitt af markmiðunum með foreldrasamstarfi er að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskóla (Aðalnámskrá 1999:30). Með þessum bæklingi er lögð áhersla á gott og þarft upplýsingastreymi milli heimilis og leikskóla að mati höfundar.

Fræðileg umfjöllun

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er gefin út af menntamálaráðuneytinu og tók gildi þann 1. júlí árið 1999. Allir leikskólar landsins byggja starf sitt á Aðalnámskrá leikskóla. Þar kemur fram að námskráin sé fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans. Þar er markmiðum leikskólastarfsins lýst og leiðum að settu marki (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Áhersla er lögð á náð samstarf og gagnkvæmt traust milli heimilis og leikskóla. Þar kemur fram hversu mikilvægt foreldrasamstarf er og má þar glögglega sjá að lögð er áhersla á að leikskólinn hafi frumkvæðið að samskiptum heimilis og leikskóla.

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna

(Aðalnámskrá leikskóla 1999:30)

Leikskólastefna Árborgar

Leikskólastefnu sveitarfélagsins er skipt niður í þrjá flokka sem eru *leikskólastarf*, *þjónustustig og samstarf* (Leikskólastefna Árborgar 2006). Undirflokkar eru svo í hverjum flokki og þar er stefnu sveitarfélagsins í leikskólamálum gerð betri skil.

Leikskólastefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti af leikskólaráði og svo samþykkt af bæjarráði. Þann 23.mars árið 2006 samþykkti bæjarráð endurskoðaða leikskólastefnu leikskólaráðs. Þar er lögð áhersla á að stuðlað verði að stöðugri og öflugri kynningu á leikskólastarfinu í sveitarfélaginu. Bæklingur þessi er hluti af því að stuðla að öflugri kynningu á leikskólastarfinu í sveitarfélaginu að mati höfundar.

Fjölmennningarlegt samfélag

Fjölmennningarlegt samfélag er skilgreint hér, eins og komið var inn á í innganginum, sem samfélag þar sem fólk með ólíka menningu, þjóðerni, þjóðernislegan uppruna og trú býr á sama landssvæði, hefur opin samskipti sín á milli og ber virðingu fyrir ólíkum lífsháttum (*All different – All equal* 1995:27). Það er því mikilvægt að menning í fjölmennningarlegu samfélagi einkennist af jafnréttishugsun og virðingu fyrir fjölbreytileikanum. Þó svo að margbreytileiki samfélagsins sé ekki aðeins háður uppruna eða þjóðerni, þá eru ýmsir þættir tengdir leikskólastarfinu sem gott er að hafa í huga, sérstaklega varðandi börn og foreldra/forráðamenn af erlendum uppruna. Mikilvægt er að leikskólastarf í nútíma samfélagi endurspegli þann menningarlega margbreytileika sem þar er alla daga ársins (Fjölmennning í leikskólum, forsíða).

Því sem hefur verið ábótavant í sveitarfélaginu Árborg er að mati höfundar, að sveitarfélagið hefur ekki markað sér ákveðna stefnu um móttöku og aðlögun innflytjenda. Í sveitarfélaginu Árborg er vaxandi hópur fólks af erlendu bergi brotinn og því nauðsynlegt að þessum nýju íbúum, ekki síst börnum og uppalendum þeirra verði auðvelduð aðlögun að íslensku samfélagi. Millam (2002) leggur áherslu á að gera þurfi foreldra meðvitaða um starfið í leikskólanum og alla þætti sem snúa að barni þeirra. Með því að geta afhent uppalendum bækling á þeirra tungumáli um starfsemi leikskóla

Árborgar er verið að auðvelda þeim aðlögunina og sýna þeim og bakgrunni þeirra virðingu. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er allir foreldrar læsir og skrifandi á móðurmáli sínu og því er mikilvægt að fleiri möguleikar séu í boði. Þar má nefna nauðsyn þess að öllum foreldrum af erlendum uppruna sé boðin tülkaþjónusta ef með þarf og einnig getur verið góður kostur að nýta þekkingu tvítýngdra kennara eða annars starfsfólks leikskólans.

Í fjölmennningarlegu samfélagi er mikilvægt að kennsla í skólum og leikskólum sé fjölmennningarleg. Skilgreiningar á fjölmennningarlegri kennslu geta verið svolítið ólíkar en hér ætla ég að notast við skilgreiningu Stacey York þar sem að hún fellur vel undir skilgreininguna hér að ofan á fjölmennningarlegu samfélagi. Stecey York leggur áherslu á að fjölmennningarleg kennsla sé kennsla án fordóma þar sem gagnkvæm virðing ríki milli allra. Börnin læra um heimamenningu hvers annars, lögð er áhersla á samvinnu og samkennd meðal barnanna, leikefni og umhverfi barnanna sýnir fjölbreytni í allri sinni mynd og unnið er með ólík tungumál og ritmál. Í fjölmennningarlegu skólastarfi felst að styrkleikur samfélagsins sé fjölbreytni, það er í lagi að vera ólíkur öðrum (York 1991:21).

Íslenska sem annað mál

Leikskólaganga barna af erlendum uppruna leggur mikilvægan grunn að kunnáttu þeirra í íslensku og skilningi á íslensku samfélagi. Þar kynnast börnin íslensku tungumáli, íslensku samfélagi, siðum og venjum. Sá grunnur er grundvöllur þess að þau geti notið áframhaldandi skólagöngu og þess sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða (Fjölmennningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík 2006:6).

Það er mikil og oft erfið reynsla fyrir barn að byrja í skóla þar sem talað er annað tungumál en þess eigið. Það er því mikilvægt að markvisst sé unnið að aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku strax við upphaf leikskólagöngu og lögð sé áhersla á góða íslenskukennslu við leikskólann fyrir börn af erlendum uppruna. Málörvun og íslenskunám fer þó fram allan daginn á leikskólanum þar sem að barn sem er að læra íslensku sem annað tungumál lærir best við raunverulegar aðstæður á meðal annarra barna, í gegnum leikinn og með gagnvirkum samskiptum við fullorðna. Mikilvægt er að hafa í huga að börn á leikskólaaldri, sem eru að læra ný orð, læra best með því að nota öll

skynfærin og gera hlutina sjálf, rétt eins og öll börn í máltöku. Hér eiga einkunnarorð Deweys (2000) „Learning by doing“ vel við en hann lagði áherslu á að barnið lærði með því að framkvæma. Ekki er nóg að barnið fái fræðslu heldur þarf það að rannsaka og prófa til að öðlast þekkingu. Þegar barnið fær að snerta sítrónu, bragða á henni, sjá hana, lykta af henni og jafnvel hlusta þegar hún dettur í gólfíð, festir það orðið sítróna mikið betur í minni en ef það sér einungis mynd af sítrónu (Fjölmennning í leikskólum, íslenska sem annað tungumál).

Rannsóknir hafa sýnt að barn sem stendur vel að vígi með móðurmál sitt á auðveldara með að tileinka sér annað tungumál. Mikilvægt er því að erlendir foreldrar séu hvattir til að tala móðurmál sitt við börnin, lesa fyrir þau á móðurmálinu og hlusta á tónlist á móðurmálinu (Guðrún Pétursdóttir 2003).

Foreldrasamvinna

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að foreldrar beri frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barnanna. Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla 1999:30). Það getur verið mjög menningartengt hvernig foreldrar líta á hlutverk sitt sem uppalenda og einnig hvernig þeir líta á leikskólann og hlutverk hans sem uppeldis- og eða menntastofnun. Gott samstarf milli heimilis og skóla getur því verið lykilatriði fyrir velgengni barna, ekki bara á með leikskóladvöl þeirra stendur heldur kannski alla ævi.

Sveitarfélagið Árborg leggur áherslu á góð samskipti og gagnkvæmt traust milli heimilis og leikskóla í leikskólastefnu sinni. Lögð er áhersla á gott upplýsingastreymi milli heimilis og skóla og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Guðrún Pétursdóttir (2003) bendir á að leikskólakennarar hafa stundum haft orð á því að erfitt sé að virkja erlenda foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu. Á hinn bóginn heyrir stundum að erlendir foreldrar séu óöruggir að tala við leikskólakennarana. Þannig er stundum um miskilning að ræða svo að ákveðið öryggisleysi og vanmáttakennd eru túlkuð sem áhugaleysi. Það getur haft jákvæð áhrif á foreldrasamvinnu ef grunnupplýsingar um leikskólastarfið eru fáanlegar á ýmsum tungumálum.

Foreldrasamvinna er mikilvæg og frumkvæði í foreldrasamskiptum verður að koma frá leikskólanum. Upplýsingabæklingur sem þessi, sem höfundur leggur til, getur verið góður grundvöllur fyrir samskiptum og umræðu við foreldra. Starfsfólk í hverjum leikskóla þarf að ákveða hvers konar upplýsingar þurfi að koma fram í fyrsta viðtali og útbýr það ákveðið eyðublað í samræmi við það. Eyðublað þetta getur meðal annars verið unnið út frá upplýsingabæklingnum. Bæklingurinn getur þannig komið sér vel í fyrsta viðtali milli foreldra, leikskólastjóra og lykilpersónu (lykilpersóna er sá/sú sem tekur fyrsta viðtal við foreldra ásamt leikskólastjóranum og fylgir foreldrum og barni í gegnum aðlögunina). Foreldrar geta komið með spurningar út frá bæklingnum og einnig geta stjórnendur á leikskólanum kynnt leikskólann betur út frá bæklingnum. Hvaða stefnu vinnur leikskólinn eftir? Hvernig fer aðlögunin fram? Er t.d. unnið sérstaklega með börn sem hafa annað móðurmál en íslensku? Hvernig mat er boðið upp á í leikskólanum? Er matseðill fyrir mánuðinn í boði fyrir foreldra og ef svo er hvar er hægt að nálgast hann? Og svona mætti lengi telja. Ef við styðjumst við ákveðið eyðublað/spurningalista í viðtölum við erlenda foreldra þurfum við að nota þá í viðtölum við alla foreldra. Ekki munu þó allar spurningarnar eiga við alla, en með þessu móti er allt uppi á borðinu og allir vita að aðrir foreldrar ganga í gegnum sama ferli. Auk þess eru það skýr skilaboð til allra foreldra að í leikskólanum sé fjölbreyttur barnahópur og börn með ólíkar þarfir (Fjölmennning í leikskólum, Að byrja í leikskóla: fyrsta viðtal).

Fyrsta viðtal fer ekki alltaf fram á leikskólanum sjálfum heldur getur það einnig farið fram heima hjá foreldrum og barni. Þetta fyrsta viðtal fær þá nafnið heimaviðtal. Viðtalið fer fram á heimili barnsins, þar sem það er fullkomlega öruggt. Kennarar eru þá gestir en það setur þá í aðra aðstöðu gagnvart foreldrunum (Fjölmennning í leikskólum, Að byrja í leikskóla: heimaviðtal). Markmiðið með heimaviðtali er að mynda strax góð tengsl við foreldra og börn. Með þessari heimsókn gefst leikskólakennaranum tækifæri til að kynnast fjölskyldum og börnum á heimavelli. Mikilvægt er að viðtöl á heimilinu séu tilboð – ekki skylda – og það sé annaðhvort tilboð til allra foreldra eða engra, þ.e. ekki aðeins erlendu foreldranna (Guðrún Pétursdóttir 2003:151).

Í fjölmenningsstefnu fyrir leikskóla í Reykjavík (2006) sem tekin er saman fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar kemur fram að í foreldrasamstarfi beri leikskólum að vinna gegn hvers konar fordómum og misrétti. Þar kemur einnig fram að þegar tekið er á

móti foreldrum af erlendum uppruna sé mikilvægt að gefa þeim greinagóðar upplýsingar um eðli og tilgang leikskólastarfsins (Fjölmennningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík 2006:5). Það er á ábyrgð sveitarfélagsins og leikskólans að samband milli heimilis og leikskólans sé gott og stöðugt og að því sé viðhaldið. Mikilvægt er að hvetja foreldra til að taka þátt í starfi leikskólans. Kannski vilja þeir koma inn í leikskólann til þess að spjalla við börnin, segja þeim sögur eða syngja fyrir þau. Einnig má hvetja þá til að skrifa eða búa til tákni á ólíku ritmáli (Fjölmennning í leikskólum, Foreldrasamstarf). Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er boð en ekki kvöð og þetta er í boði fyrir alla foreldra, en ekki eingöngu þá sem eru af erlendu bergi brotnir.

Kynning á bæklingnum

Í fjölmennningarlegu samfélagi ríkir umburðalyndi og þar eru samskiptin á jafnréttisgrundvelli, þar hafa allir sama mikilvægi. Enginn er æðri eða lægri, verðugri eða óverðugri manneskja. Það er því ljóst að búseta ólíkra hópa fólks á sama landsvæði nægir ekki til að samfélag geti kallast fjölmennningarlegt. Nauðsynlegt er að hóparnir hafi samskipti sín á milli og njóti jafnréttis.

Þegar unnið er að fjölmennningarlegu samfélagi er mikilvægt að allar stofnanir sveitarfélagsins lagi sig að breyttum tímum og útfæri ákveðna stefnu um fjölmennningarlegt samfélag í starfsáætlunum sínum. Sú stefna skal gera ráð fyrir innflytjendum bæði sem notendum og veitendum þjónustu, án þess að litið sé á þá sem einsleitan hóp. Sveitarfélagið Árborg hefur ekki markað sér ákveðna stefnu um móttöku og aðlögun erlenda einstaklinga og fjölskyldna, en þeim tilmælum hefur þó verið beint til bæjarráðs að móta þurfi stefnu um móttöku og þjónustu við útlendinga í Árborg og styrkja þær til jafns við aðrar fjölskyldur í sveitarfélaginu.

Meginmarkmið með þessum bæklingi er að er að koma til móts við ört stækkandi hóp í sveitarfélaginu, innflytjendur og alla þá sem ætla sér að sækja um vistun á leikskóla. Þarna er að finna allar grunnupplýsingar sem foreldrar þurfa á að halda áður er leikskóladvöl barnsins hefst. Þetta er eitt af fyrstu skrefunum í bættri móttöku og þjónustu við íbúa en einnig er þetta fyrsti liður í mikilvægu samstarfi heimilis og skóla.

Bæklingurinn er hannaður með það í huga að hafa uppbyggingu hans eins hnitmiðaða og skýra og mögulegt er. Bæklingurinn inniheldur eins og fyrr sagði hagnýtar upplýsingar um leikskóla Árborgar.

Bæklingnum er skipt niður í 11 flokka

- almennar upplýsingar
- umsókn - dvalartími og samningur
- leikskólagjald
- matur
- frídagar og skipulags- og námskeiðsdagar
- starfsfólk leikskóla
- fyrstu skrefin
- leikskóli fyrir alla
- börn sem eiga annað móðurmál en íslensku
- foreldrasamstarf
- fjölskyldumiðstöð Árborgar

Almennar upplýsingar

Fyrsti flokkur bæklingins eða “inngangsorð” hans kynna lesanda fyrir lagalegu hlið leikskólans. Þar kemur fram að leikskólar sveitarfélagsins Árborgar byggja starf sitt á lögum um leikskóla frá 1994, reglugerð þar um og Aðalnámskrá leikskóla frá 1999. Þar er lesanda einnig gert kunnugt um að ekki sé skólakylða í leikskóla en að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi. Fram kemur að í leikskólanum sé börnunum skapað þroskavænlegt og öruggt uppeldisumhverfi, undir leiðsögn leikskólakennara þar sem lögð sé áhersla á að börnin verði ábyrg, umburðarlynd og víðsýn. Einnig kemur fram í þessum hluta bæklingins að mismunandi leiðir og áherslur séu lagðar til grundvallar í uppeldisstarfi hvers leikskóla.

Umsókn, dvalartími og samningur

Í þessum kafla er að finna hagnýtar upplýsingar sem snúa að því hvar sé hægt að nálgast umsókn um leikskólavist. Hver sé opnunartími leikskóla sveitarfélagsins. Hvenær dvalarsamningur sé undirritaður og einnig er farið yfir gagnkvæman uppsagnarfrest.

Leikskólagjald

Í kaflanum um leikskólagjald kemur fram að leikskólagjald sé greitt fyrirfram og er hægt sé að greiða með greiðslukorti, beingreiðslu eða fá heimsendan greiðsluseðil. Einnig er lesanda gefnar upplýsingar um að leikskólagjald sé innheimt 11 mánuði á ári.

Matur

Hér kemur fram að í öllum leikskólum sveitarfélagsins sé boðið upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu og að áhersla sé lögð á holla og fjölbreytta fæðu.

Fríðagar og skipulags- og námskeiðsdagar

Á hverju ári eru ætíð nokkrir dagar sem annað hvort teljast almennir fríðagar, stórhátíðardagar eða helgidagar þjóðkirkjunnar (svokallaðir rauðir dagar). Þessir dagar eru misjafnir eftir löndum, menningu og trú. Höfundur telur það því mikilvægt að þessir dagar séu upptaldir í bæklingi sem þessum.

Starfsfólk leikskóla

Sveitarfélagið Árborg leggur áherslu á að leikskólinn hafi alltaf á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki. Í þessum kafla er að finna kynningu á starfsheitinu leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og leiðbeinandi. Hér er það einnig tekið fram að allt starfsfólk leikskólans sé bundið þagnarskyldu.

Fyrstu skrefin

Undir kaflanum fyrstu skrefin er að finna upplýsingar um fyrsta viðtal við foreldra og aðlögun barnsins á leikskóla. Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að samstarf heimilis og leikskóla hefjist áður en barn byrjar í leikskóla. Leikskólastjóri og leikskólakennari skulu kynna leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynna ber aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, húsakynni, efnivið og leiksvæði. Einnig ber að kynna starfsfólk fyrir foreldrum. Allt eru þetta þættir sem verður að fylgja eftir í fyrsta viðtali. Í sömu námskrá kemur fram að í upphafi leikskólagöngu barns þurfi að gefa því góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. Aðlögunartíma ber að skipuleggja í samráði við foreldra og foreldrar skulu á aðlögunartímanum fá tækifæri til þess að dvelja með barninu og kynnast um leið leikskólanum og starfsháttum hans. Í bæklingnum kemur fram að hver leikskóli hafi sinn hátt á aðlögun og upplýsi foreldra um fyrirkomulag hennar í fyrsta viðtali.

Leikskóli fyrir alla

Í þessum kafla kemur fram að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Að börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga (Lög um leikskóla, 1994).

Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Í þessum kafla kemur fram að gott samstarf milli leikskóla og foreldra leggi grunninn að öryggi, vellíðan og málþroska barnsins á íslensku. Leikskólinn geti lagt grunn að góðri íslenskukunnáttu barnanna og kynnt þeim íslenskt samfélag. Hér kemur líka fram að allir foreldrar sem ekki tala íslensku eigi rétt á túlki.

Foreldrasamstarf

Í kaflanum um foreldrasamstarf er tekið fram hversu mikilvægt það er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra og starfsfólks leikskólans og að trúnaður ríki. Þar kemur fram að samstarfshópur foreldra og starfsmanna skuli starfa við hvern leikskóla og að það sé hann sem hafi það hlutverk að fylgjast með og hafa áhrif á uppeldis- og menntastefnu leikskólans. Hér er einnig komið inn á það að foreldrafélag starfi við hvern leikskóla.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar

Í þessum kafla er að finna stutta kynningu á fjölskyldumiðstöð Árborgar, starfssviði hennar og upplýsingar um opnunartíma, staðsetningu og símanúmer.

Lokaorð

Þegar hugmyndin af gerð bæklingins kviknaði voru markmið Aðalnámskrár leikskóla (1999) í tengslum við foreldrasamvinnu mér ofarlega í huga. Það að eitt af meginmarkmiðum foreldrasamstarfsins skuli vera að foreldrum séu veittar upplýsingar um starfsemi leikskólans sýndi mér að það góða starf sem fram fer í sveitarfélaginu Árborg getur orðið betra með því að afhenta öllum foreldrum/forráðamönnum bækling sem þennan.

Ört stækkandi fjölmennningarlegt sveitarfélag eins og Árborg þarf að hafa skýra og aðgengilega stefnu um móttöku við þá sem sækja um leikskólavist. Bæklingur sem þessi er hluti af skýrri og aðgengilegri stefnu að mati höfundar. Ekki er gert upp á milli foreldra/forráðamanna, allir fá sömu grunnupplýsingarnar á íslensku og á sínu móðumáli. Þetta er að mati höfundar jafnréttishugsun sem tekur mið af fjölbreytileikanum í samfélaginu, sem er mikilvægur hluti af því að búa í fjölmennningarlegu samfélagi. Það er orðið tímabært að sveitarfélagið Árborg taki stefnuna á að jafna aðstöðu allra sem búa í sveitarfélaginu og veita öllum sömu möguleika á að njóta réttinda sinna og jafnframt sinna skyldum sínum við samfélagið.

Bryndís Ósk Sævarsdóttir
(sign.)

Heimildaskrá

Aðalnámskrá Leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

All diffrent – Alll equal, Education Pack. 1995. European Youth Center.

http://www.coe.int/t/e/human_rights/ecri/3-educational_resources/education_pack/Education_Pack_pdf.pdf

Anna Margrét Þorláksdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir. [Án árs.] *Fjölmennning í leikskólum, enginn eins en allir með*. <http://www.allirmed.is> [Sótt í janúar, febrúar og mars 2008.]

Dewey, John. 2000. *Reynsla og menntun*. Gunnar Ragnarsson íslenskaði. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Fjölmennningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík. 2006. Menntasvið Reykjavíkurborgar. <http://gamli.leikskolar.is/upload/files/fjolmenningarstefna.leikskola-2.pdf> [Sótt í janúar, febrúar og mars 2008.]

Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Hólar, Reykjavík.

Leikskólastefna í Sveitarfélaginu Árborg. 2006.

<http://www.arborg.is/template2.asp?id=814> [Sótt í janúar, febrúar og mars 2008.]

Lög um leikskóla nr. 78/1994

Millam, R. (2002) *Anti-discriminatory Practice. A guide for workers in childcare and education* (2. útgáfa). London: Cassell.

York, S. (1991). Roots and wings. Affirming culture in early childhood programs. St. Paul: Redleaf press. Bls. 21-51.

